ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Samfélags- og náttúrugreinar, 3.bekkur

Kennari/ar

María Dögg Elvarsdóttir, Rebekka Rún Geirsdóttir og Sonja Rut Baldursdóttir

Lýsing

Viðmiðunartími: 8 kennslustundir, 320 mínútur á viku að meðaltali samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla.

Kennslan samþættir náttúru- og samfélagsgreinar og byggir á fjölbreyttum verkefnum, umræðum, athugunum og skapandi vinnu. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist sjálfum sér, samfélaginu og náttúrunni í kringum sig og læri að skoða, spyrja, ræða og draga einfaldar ályktanir.

Markmið / inntak

Markmiðið er að efla áhuga og forvitni nemenda á náttúru, nærumhverfi og samfélagi. Nemendur kynnast eigin sjálfsmynd, læra um hafið/hvali og önnur dýr eins og t.d. humlur og fugla. Áhersla er lögð á að nemendur læri að afla sér upplýsinga, ræða viðfangsefni, gera einfaldar athuganir og tengja námsefnið við eigin reynslu og daglegt líf. Það verður sett upp þemaverkefni þar sem samþætting á sér stað með samfélags- og náttúrufræði og íslensku.

Námsefni

Halló heimur 1 og 2 – valin viðfangsefni að hverju sinni, efnið er kjarnaefni í náttúru- og samfélagsgreinum fyrir yngsta stig. Í vinnubókinni eru verkefni tengd hverjum kafla þar sem jafnframt er unnið með orðaforða, lestur, lesskilning, ritun og hlustun.

Komdu og skoðaðu hafið

Milli himins og jarðar – Hvalir

Milli himins og jarðar – Humlur

Fuglavefurinn

Einnig er stuðst við annað ítarefni, myndbönd, verkleg verkefni, athuganir og efni frá kennurum eftir því sem við á.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram með fjölbreyttum hætti. Notast er við innlögn og samræður, lestur og umfjöllun um námsefnið, einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu.

Nemendur vinna verkefni í vinnubók, taka þátt í verklegum og skapandi verkefnum, gera einfaldar athuganir og kannanir og nýta myndir, myndbönd og önnur gögn til að afla sér þekkingar. Áhersla er lögð á virkni, forvitni, samvinnu og að nemendur fái tækifæri til að tengja viðfangsefnin við eigin reynslu.

• Útlistunarkennsla: Kennarastýrð miðlun eins og fyrirlestrar, sýnikennsla og kynningar.

• Samvinnunám (Hópavinna, nemendur vinna saman að lausnum)

• Leitar- og lausnaleitarnám (Nemendur leysa raunveruleg vandamál eða rannsaka viðfangsefni á gagnrýninn hátt)

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið með leiðsagnarmati og byggir á vinnu, virkni, þátttöku og framförum nemenda.

Kennarar meta skilning nemenda með samtölum, verkefnavinnu, vinnubók, verklegum og skapandi verkefnum og athugunum í kennslustundum. Lögð er áhersla á að námsmat endurspegli þau hæfniviðmið og námsmarkmið sem unnið er að hverju sinni, í samræmi við áherslur Aðalnámskrár.

Námslotur

Náminu er skipt í lotur í samræmi við valin viðfangsefni að hverju sinni. Ásamt því að unnið er eftir uppbyggingarstefnunni í hverjum mánuði.

- Sjálfsmynd og fjölskylda
- Náttúru og nærumhverfi
- Samfélag, samskipti og menningu
- Þemaverkefni úr bókum um hafið, humlur og fugla
- Uppbyggingarstefnan

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá (listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)

Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Vinnulag náttúruvísinda

- Notar einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.

Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Umhverfið

- Skoðar og kannar helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu.
- Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.

Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Lífið

- Lýsir helstu einkennum valinna dýra.
- Ræðir um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrða þeirra.
- Ræðir mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.

Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Efnin

- Þekkir dæmi um hættileg efni á heimilinu.

Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Orkan

- Útskýrir muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum.
- Skoðar hljóð og ljós og lýsir einföldum eiginleikum þeirra.

Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Alheimurinn

- Bendir á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn.
- Fjallar um helstu hnetti í sólkerfinu.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Vinnulag samfélagsgreina

- Geta tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Sjálfsmynd

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Geta áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Siðferði og trú

- Geta áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.
- Geta áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.
- Geta velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Borgaravitund

- Geta þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu.
- Geta rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.
- Geta varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Geta sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Saga

- Geta átta sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Jörðin okkar

- Geta lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda.
- Geta nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.